

Þjóðleikhúsið:**Gustur í kvöld – fáar sýningar eftir**

Í kvöld verður sýning á rússneska söngleiknum Gusti í Þjóðleikhúsinu. Leikurinn er eftir Mark Rozovski og er byggður á sögu um veðhlaupagæðinginn Gust, eftir Lev Tolstoj.

Sýning þessi hefur fengið mjög góða dóma gagnrýnenda blaðanna. — Það er Bessi Bjarnason sem leikur Gust sjálfan, en aðrir í aðalhlutverkum eru Arnar Jónsson, Árni Tryggvason, Flosi Ólafsson, Gunnar Eyjólfsson, Róbert Arnfinnsson, Sigríður Þorvaldsdóttir og Sigurður Skúlason. Tólf aðrir leikarar fara með hlutverk hestastóðs og kórs og auk þeirra er sígaunahljómsveit á sviðinu sem skipað er Laufeyju Sigurðar-

dóttur á fiðlu, Karli Sighvatssyni á harmonikku, Sigurði I. Snorrasyni á klarinett og Snorra Erni Snorrasyni á gítar.

Árni Bergmann þýddi leikinn, Þórhildur Þorleifsdóttir er leikstjóri, leikmynd og búningar eru eftir Messíönu Tómasdóttur, Atli Heimir Sveinsson hafði umsjón með tónlistinni og Árni Baldvinsson með lýsingunni.


Aðeins þrjár sýningar eru eftir á Gusti.

La Bohème annað kvöld – fáar sýningar eftir

Annað kvöld, sunnudag, verður síðasta sýningin sem Kristján

Jóhannsson, Sieglinde Kahman og Elín Sigurvinsdóttir syngja sem gestir í uppfærslu Þjóðleikhússins á óperunni La Bohème, eftir Puccini.

Óperan hefur þegar verið sýnd yfir tuttugu sinnum og oftast fyrir fullu húsi við góðar undirtektir. Eftir helgina eru aðeins þrjár sýningar eftir á þessari vinsælu óperu og verða þær allar í næstu viku. Munu þá Garðar Cortes, Ólaf K. Harðardóttir og Ingvaldur Hjaltstedt syngja á ný í sýningunni. Aðrir einsöngvarar eru Halldór Vilhelmsson, John Speight, Jón Sigurbjörnsson, Kristinn Hallsson og Guðmundur Jónsson.



Guðbergur Auðunsson

Ljóm. Sigurgeir Sigurjónsson

Gallerí Langbrók:**Guðbergur Auðunsson opnar sýningu**

Í dag kl. 15.00 opnar Guðbergur Auðunsson sýningu í Gallerí Langbrók í Bernhöftstorfu. Þar sýnir hann 30 myndir unnar með blandaðri tækni.

Guðbergur er fæddur í Reykjavík árið 1942. Hann nam í Kunsthaandværkerskolen í Kaupmannahöfn árið 1959–63 og í Myndlista- og handíðaskóla Íslands 1976–77. Hann hefur haldið einkasýningar í Vestmannaeyjum 1977; á Kjarvalsstöðum 1978; á veitingastaðnum Á næstu grösum 1978; í Gallerí Suðurgötu 7 1979; í FÍM-salnum 1980, og í Gallerie Baden-Baden, V-Þýskalandi 1980. Þá hefur hann tekið þátt í haustsýningum FÍM og á þessu ári tók hann þátt í Rostock-bienalnum í A-Þýskalandi.

Sýningin er opin virka daga frá kl. 12–18 og 14–18 um helgar, en henni lýkur 29. þ.m.



Söngleikurinn Gustur hefur fengið mjög góða dóma gagnrýnenda blaðanna

Tónleikar í Akureyrarkirkju

BLÁSARASVEIT Tónlistarskólans á Akureyri undirbýr nú þátttöku í alþjóðlegri keppni og móti lúðrasveita sem fer fram í Hamar í Noregi dagana 19.–29. júní nk.

Í tilefni þessa heldur blásarasveitin tónleika í Akureyrarkirkju annað kvöld, og hefjast þeir kl. 20.30. Á efnisskránni verða innlend og erlend lög og m.a. verður tónverkið „Íslensk æska“, rapsódía eftir Roar Kvam, sem er stjórnandi sveit-

arinnar, flutt í fyrsta skipti. Tónverkið er byggt á íslenskum þjóðlögum.

Um 6–7.000 gestir munu sækja lúðrasveitahátíðina í Hamar og 140 lúðrasveitir taka þátt í keppninni.




Alls munu 13 listamenn sýna verk sín á sýningunni í vestursal Kjarvalsstaða.

Tvær sýningar opnaðar á Kjarvalsstöðum

Í dag verða tvær sýningar opnaðar á Kjarvalsstöðum, þ.e. sýning á verkum Jóhannesar S. Kjarvals, sem eru í eigu Reykjavíkurborgar, en hún verður í Kjarvallsal, og svo sýningin Leirlist, Gler, Textíll, Silfur og Gull sem verður í Vestursal. Þeir listamenn sem sýna þar sýndu saman í Háselby-höll í Svihjóð fyrr í vor, að Sigrúnu Ólöfu Einarsdóttur undanskilinni, en hún hefur ekki sýnt verk sín opinberlega fyrr hér á landi.

Forstöðumaður Háselby-hallar, Birger Olsson, valdi þátttakendur og listmuni á sýninguna í samráði við Stefán Snæbjörnsson innanhússarkitekt sem síðan hafði allan veg og vanda af uppsetningunni þar og á Kjarvalsstöðum.

Þessir listamenn eru: Steinunn Marteinsdóttir sem sýnir leirlist, Haukur Dór Sturluson sem er með listaverk á sýningunni sem kallast „Magn og gæði“ en hann sýnir leirlist, Jónína Guðnadóttir er einn-



Um það bil sextu verk Kjarvals eru á sýningunni.

ig með leirlist, svo og Elísabet Haraldsdóttir.

Hulda Jósefsdóttir sýnir Textíll, ullarvörur í saudalítum og Sigríður Jóhannsdóttir og Leifur Breiðfjörð eru með Textíll-myndvefnað. Guðrún Auðunsdóttir sýnir Textíll-tauprykk og einnig Ragna Róbertsdóttir. Ásdís Sveinsdóttir Thoroddsen sýnir skartgripni úr gulli og silfri og Jens Guðjónsson er einnig með ýmsa muni unna úr silfri og gulli. Guð-

brandur J. Jezorski er með gull- og silfurverk en að síðustu er Sigrún Ólöf Einarsdóttir með glervörur, en hún er nýkomin heim frá námi í Kaupmannahöfn.

Sýningin er opin daglega frá kl. 14–22 til 23. ágúst og er ókeypis aðgangur. Kaffistofa Kjarvalsstaða er opin daglega frá kl. 14–19 og einnig á kvöldin þegar sérstök dagskrá er í húsinu, t.d. tónleikar.

